



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2022

ENSK2HC05
Hagnýt enska

Kennari:	Magndís Huld Sigmarsdóttir (MHS) magndis@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Orðaforði og ritun vega þar þyngst. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- Ólíkum viðhorfum og gildum menningarheima þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- Orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- Notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- Lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hverrar gerðar textinn er
- Að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- Að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- Að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja megininntakið
- Tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- Lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra

- Taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- ✓ Headway Academic Skills Level 3, Sarah Philpot & Lesley Curnick
- ✓ Skáldsaga- Aristotle and Dante discover the secrets of the Universe
- ✓ Smásögur og annað efni verður útvegað af kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-36.	18. ágúst - 9. september	-Námsáætlun áfangans kynnt -Academic Skills kafli 1 -Hópverkefni og kynning	Nemendur kynna hópverkefni í tíma
37.-40.	12. september - 7. október	-Hlustunarverkefni -Academic Skills kafli 2 -Orðalisti -Smásaga 1- <i>The Lottery</i> by Shirley Jackson -Smásaga 2- <i>A devoted friend</i> by Oscar Wilde -Smásaga 3- <i>Strawberry Spring</i> by Stephen King	Hlustunarverkefni 3 x smásöguverkefni Próf 1 -Academic Skills (kafli 1 + 2)
41.-44.	10. október - 4. nóvember	-Aristotle and Dante discover the secrets of the Universe fyrri hluti -Academic Skills kafli 3 -Academic Skills kafli 4	Ritunarverkefni Ýmis verkefni

45.-48.	7. nóvember - 6. desember	-Aristotle and Dante discover the secrets of the Universe seinni hluti -Academic Skills kafli 5	Próf 2 – Academic Skills (kafli 3 + 4 + 5)
---------	------------------------------	--	---

Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist reglulega með upplýsingum í kennsluumhverfinu (Innu og tölvupósti), sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er einungis heimil í tengslum við úrvinnslu verkefna
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma og minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum/prófum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá viðkomandi próf í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 2003 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway Academic Skills Level 3	Skrifleg verkefni og próf	30%
Skáldsaga- Aristotle and Dante discover the secrets of the Universe	Tímaverkefni / munnlegt verkefni	25%
Smásögur	Skrifleg verkefni / munnleg verkefni	15%
Hópverkefni- kynning	Menningarheimar enskumælandi landa	10%
Ritunarverkefni	Efni kynnt síðar	10%
Hlustunarverkefni	Tímaverkefni/ efni kynnt síðar	5%
Þátttaka í kennslustundum	Virgni í tímum og þátttaka í umræðum	5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 18. ágúst 2022 -uppfært 5. September 2022

Magndís H. Sigmarsdóttir